



Horfur í hæfni OECD 2013 Fyrstu niðurstöður af könnun um hæfni fullorðinna

Útdráttur á íslensku

Tæknibyltingin sem hófst á síðustu áratugum 20. aldar hefur haft áhrif á næstum alla þætti lífsins á 21. öldinni: allt frá því hvernig við "tölum" við vini okkar og fjölskyldu til þess hvernig við verslum og hvar við vinnum störf okkar. Skjótari og afkastameiri flutningar og samskiptaþjónusta hafa auðveldað flutninga á fólki, vörum, fjármagni og þjónustu um allan heim og leitt til alþjóðavæðingar hagkerfa. Þetta, ásamt félagslegum og efnahagslegum umbreytingum hafa síðan breytt kröfum um hæfni. Eftir því sem störf við framleiðslu og viss verk sem þarfnast lítillar verkunnáttu verða í meira mæli gerð sjálfvirk þá dregur úr þörfinni á hæfni sem byggir á vanabundnum hugrænum störfum eða handverkskunnáttu en eftirspurn eftir hæfni sem tengist úrvinnslu upplýsinga og háþróaðri andlegri hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum eykst stöðugt. Auk þess að ná tökum á hæfni sem beinist að starfskunnáttu í vissum verkum þá þurfa starfsmenn á 21. öldinni að búa yfir hæfni til upplýsingaúrvinnslu og ýmsum "sértækum" gerðum hæfni m.a. samskiptahæfni, stjórn á eigin verkum og hæfninni til að læra til að auðvelda þeim að fóta sig í óvissum heimi vinnumarkaðar sem tekur hröðum breytingum.

Könnun á hæfni fullorðinna (PIAAC) var hönnuð til að veita innsýn í tilvist ýmissa af þessum hæfnissviðum í samfélaginu og hvernig þau nýtast við störf og á heimilinu. Könnunin mælir beint færni í ýmsum þáttum upplýsingaúrvinnslu - m.a. læsi, talnalæsi og þrautalausnir í tæknilega flóknu umhverfi. Nokkrar höfuðniðurstöður eru þessar:

Hvað fullorðnir eru færir um að gera varðandi læsi, talnalæsi og þrautalausnir í tæknilega flóknu umhverfi.

- Í flestum löndum er umtalsverður fjöldi fullorðinna með lágar einkunnir í færni á mælikvörðum fyrir læsi og talnalæsi. Í þeim löndum sem þátt tóku í rannsókninni voru milli 4,9% og 27,7% fullorðinna með hæfni sem lá á lágstu stigum læsi og 8,1% til 31,7% voru með færni á lágstu stigum talnalæsis.
- Í mörgum löndum er stór hluti íbúanna ekki með neina reynslu af upplýsinga- og samskiptakerfum eða skortir grunnfærni í notkun þeirra í tengslum við ýmsar daglegar athafnir. Lægsta hlutfallið, innan við 7% hjá fólki á aldrinum 16-65 ára mældist í Hollandi, Noregi og Svíþjóð en um 23% eða hærra á Ítalíu, Kóreu, Póllandi, Slóvakíu og Spáni. Jafnvel fullorðnir sem höfðu einhverja færni í tölvunotkun fengu einkunnir á lágsta þrepi þrautalausna í tæknivæddu umhverfi.
- Aðeins 2,9% til 8,8% fullorðinna sýna fram á hæsta þrep færni varðandi þrautalausnir í tæknivæddu umhverfi.

Hvernig ýmis félagsleg og lýðfræðileg einkenni tengjast færni

- Fullorðnir með menntun á framhaldsskólastigi eru með 36 stiga forskot - sem er ígildi fimm ára formlegrar skólagöngu - að meðaltali fram yfir fullorðið fólk sem hefur lokið menntun neðan við framhaldsskólastig eftir að tekið hefur verið tillit til annarra þátta.

- Samverkandi áhrif lélegrar grunnmenntunar og vöntun á tækifærum til að bæta enn frekar færni hefur þær afleiðingar að þróast yfir í vítahring þar sem léleg færni leiðir af sér færri tækfæri til að þróa færnina og öfugt.
- Innflytjendur með erlent tungumál sem bakgrunn eru með umtalsvert lægri færni í læsi, talnalæsi og þrautalausnum í tæknivæddu umhverfi heldur en innfæddir fullorðnir íbúar sem eru með fyrsta eða annað tungumál sem móðurmál var málið sem matið fór fram á, jafnvel þótt tekið hafi verið tillit til annarra þátta.
- Þó eldra fullorðið fólk hafi almennt minni færni heldur en yngri samborgarar þeirra er bilið milli kynslóða mjög breytilegt eftir löndum og gefur það til kynna að stefnumörkun og aðrar aðstæður kunni að draga úr þeim áhrifum sem valda hinu annars óhagstæða hlutfalli milli upplýsingaúrvinnslu á lykilatriðum og aldurs.
- Karlar fá hærri einkunnir í talnalæsi og þrautalausnum í tæknivæddu umhverfi heldur en konur en bilið er ekki stórt og það minnkar enn frekar þegar tekið er tillit til annarra þátta. Meðal yngra fullorðins fólks er kynslóðabilið í færni vart merkjanlegt.

Hvernig færni er notuð á vinnustað

- Notkun á færni á vinnustað hefur áhrif á fjölda atriða á vinnumarkaði, meðal annars framleiðni og kynslóðabil í launum.
- Ekki er óalgengt að hæfari starfsmenn noti færni sína í minna mæli en þeir sem eru síður færir á þessu sviði og bendir það til þess að mjög víðtækt misræmi sé viðvarandi á vinnumarkaði milli hæfni í starfi og notkun færni á vinnustað.
- Starf hvers einstaklings er nánar tengt því hvernig sá einstaklingur notar hæfni sína í starfi heldur en bæði menntunarstig hans eða hennar eða hvers konar ráðningarsamning hann eða hún hefur gert gefa til kynna.
- Um 21% af starfsmönnum eru ofmenntaðir og 13% eru undirmenntaðir fyrir starf sitt og þetta hefur umtalsverð áhrif á laun og framleiðni.

Hvernig hæfni er þróuð - og hvernig hún glatast

- Færni í læsi, talnalæsi og þrautalausnum í tæknivæddu umhverfi er nátengd aldri og nær hámarki við 30 ára aldursmarkið og lækkar síðan stöðugt og elstu aldursflokkarnir sýna lægri einkunnir í færni en þeir yngstu. Hnignun færni mæld í tíma tengist bæði mismun í magni og gæðum þeirra tækifæra sem einstaklingar fá til að þróa og viðhalda færni sinni (einkum en þó ekki einvörðungu gegnum formlega menntun og þjálfun) á æviskeiði sínu og áhrifum af líffræðilegum þáttum öldrunar.
- Innan hvers lands eru greinileg tengsl milli þátttöku í skipulagðri fullorðinsfræðslu og meðaltalsfærni í lykilþáttum upplýsingaúrvinnslu.
- Fullorðið fólk sem tekur oftast þátt í starfsemi sem tengist læsi og talnalæsi og notar upplýsinga- og samskiptakerfi meira - bæði í og utan við vinnu - er með meiri færni í læsi, talnalæsi og þrautalausnum jafnvel þótt tekið sé tillit til menntunarstigs. Þátttaka í viðkomandi starfsemi utan vinnu sýnir jafnvel meiri tengsl við færni í þeim hæfnisþáttum sem metnir eru heldur en þátttaka í slíkri starfsemi á vinnustað.

Tengsl milli færni í hæfnisþáttum og efnahagslegrar og félagslegrar velsældar

- Færni í læsi, talnalæsi og þrautalausnum í tæknivæddu umhverfi er tengd á jákvæðan og óháðan hátt við möguleikana á þátttöku í vinnumarkaðnum og að vera ráðinn í vinnu og með hærri laun.
- Í öllum löndunum eru einstaklingar sem fá lága einkunnir í færni á sviði læsis mun líklegri en þeir sem eru með meiri færni á þessu sviði að tilkynna um slæma heilsu, trúa að þeir hafi lítil áhrif í stjórnáttum og sýna litla þátttöku í félagsstörfum og sjálfbærniáttum. Í flestum löndum eru einstaklingar með litla færni einnig líklegri til að bera lítið traust til annarra.

© OECD

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltyngdir útdrættir eru þýdd á grip af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fánlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD www.oecd.org/bookshop

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: rights@oecd.org eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)

2 rue André-Pascal, 75116

Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights



Read the complete English version on OECD iLibrary!

© OECD (2013), *OECD Skills Outlook 2013. First Results from the Survey of Adult Skills*, OECD Publishing.

doi: 10.1787/9789264204256-en